

160. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 22. apríl 2013, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstóri og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir skipulags- og byggingafulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Silfurgata 15, stækkun á geymsluskúr.
Þorsteinn Kúld sækir um a) lóðarstækkun og lækka landhæð til að koma fyrir bílastæði. b) endurnýjun á geymsluskúr, hækka þak um 15 cm og stækka hann um 1 m í austurátt og um 2 m í suður , sbr. teikningar dags. 4.03.2013.
Nefndin leggur til að veitt verði lóðarstækkun. Gangi það eftir, er lagt til að fyrirhugaðar framkvæmdir verði grenndarkynntar samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum húsa við Bókhlöðustíg 7 , 9 og Silfurgötu 13.
2. Narfeyrarstofa ehf, auglýsingaskilti.
Gunnar Garðarsson sækir um f.h. Narfeyrarstofu ehf, að setja upp 2x2 metra auglýsingaskilti við brúna út í Stykki, sbr. erindi 10.04.2013.
Nefndin hafnar erindinu þar sem ekki er um hafnsækna starfsemi að ræða.
3. Skipulags- og byggingafulltrúi leggur fram tillögu til samþykktar, er varðar vinnuferla mála vegna dagsektarákvæða.
Erindi frestað.
4. Umferðarmál í Stykkishólmi, bréf til umsagnar.
Lagt fram bréf dags. 11.03.2013 frá Hermundi Pálssyni formanni skipulags- og bygginganefndar og Ólafi Guðmundssyni yfirlögregluþjóni, um tillögur í umferðarmálum. Bréfi vísað af bæjarráði til skipulags- og bygginganefndar.
Nefndin tekur jákvætt í tillögur og telur brýnt að hefja úrbætur sem fyrst.
5. Umferðarstofa, ástands gróðurs og öryggi.
Bréf lagt fram dags. 15.02.2013 frá Umferðarstofu / Árnýju Ingvarsdóttur fræðslufulltrúa, um gróður og umferðaröryggi íbúa.
Bréf lagt fram.
6. Önnur mál.
 - 6a. Nefndin gerir athugasemd við ósamþykktar vegaf framkvæmdir við golfskála.

Fundi slitið kl.21:20.- B.V.

